

Auglýsing um náttúruvætti.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Skógafoss ásamt nokkrum fleiri fossum í Skógaá og næsta nágrenni í Austur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Mörk svæðisins eru:

Að sunnan ræður þjóðvegur. Að austan fylgja mörkin línu, sem dregin er 100 m austan brúar yfir Skógaá og í suðvesturhorn lóðar umhverfis barnaskólann. Mörk fylgja síðan vesturhlið lóðarinnar og úr norðvesturhorni hennar er dregin bein lína upp í brún Fosstorfu, 100 m austan gilbrúnar við Skógafoss. Úr brún Fosstorfu liggja mörkin 100 m austan við farveg Skógaár, inn eftir Skógaheiði, að vaði í 600 m hæð yfir sjávarmáli. Að vestan liggja mörkin frá vaðinu, 100 m vestan við farveg Skógaár, niður eftir Drangshlíðarheiði, í heiðarbrúnina 100 m vestan við Skógafoss. Síðan fylgja mörkin línu, sem dregin er 10 m vestan Skógaár niður að þjóðvegi. Vestan Skógaá er jaðarsvæði og liggja mörk þess frá þjóðvegi um lónið vestan við brúna á Skógaá og um austanverðan Skóganúp, þar sem hann gengur lengst til austurs. Þaðan bein lína til norðnorðausturs, um tún í Drangshlíðardal að Brúnalækjum, 100 m vestan við Skógaá. Austan Skógaár er einnig jaðarsvæði og mörk þess eru þjóðvegur að sunnan, vegur heim að Skógaskóla að austan og vegur að barnaskóla að norðan.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar]. Skyld er að hlíta ábendingum [stofnunarinnar] um staðarval, útlit og frágang mannvirkja.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Aðeins er heimilt að tjalda á merktum tjaldsvæðum.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Á jaðarsvæðinu gilda ekki reglurnar um náttúruvættið, en öll mannvirkjagerð þar er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].

Umsjón náttúruvættisins skal vera í höndum náttúruverndarnefnda Rangárvallasýslu, sem samþykkir fyrirkomulag útivistar, s.s. legu vega og göngustíga, sem og staðsetningu útbúnaðar og mannvirkja í þágu útivistar í samráði við [Umhverfisstofnunar].

Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] og náttúruverndarnefndar Rangárvallasýslu.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 22. október 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson